



Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir starfið frá apríl 2014 til apríl 2015, lesin á aðalfundi félagsins þann 15. apríl 2015 á Snæfoksstöðum.

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 62. starfsári var með nokkuð hefðbundnu sniði. Starfsvettvangur félagsins var sem fyrr Hellisskógur.

Vöxtur trjáa er yfir meðallagi, en heldur minni en undanfarin ár og er þar um að kenna kaldara, blautara og dimmara sumri en verið hefur síðustu sumur. Árið einkenndist af miklum hlýindum meginhluta ársins en víða var mjög úrkomusamt og sumarið sólarryrt. Við norðurströndin og víða austanlands er árið það hlýjasta frá upphafi mælinga. Sumarið var hlýtt og hagstætt norðanlands og austan, en oftast votviðrasamt og sólarlítið syðra. Meðalhiti í Reykjavík var 6,0 stig, 1,7 stigum ofan meðallagsins 1961 til 1990. Þetta er 19 árið í röð með hita ofan þess meðallags. Árið var hið næsthlýjasta í Reykjavík frá upphafi samfelldra mælinga 1871, árið 2003 var lítillega hlýrra. Á Akureyri mældist meðalhitinn 5,3 stig, 2,1 stigi yfir meðallagi árána 1961 til 1990. Þetta er einnig næsthlýjast ára á Akureyri frá upphafi mælinga 1881, hlýrra 1933. Úrkoma var yfir meðallagi um mestallt land. Í Reykjavík mældist hún 963,1 mm og er það um 20% umfram meðallag árána 1961 til 1990. Úrkomu var sérlega mikil norðaustan- og austanlands, á Akureyri mældist hún 743,7 mm eða 50% umfram meðallag. Árið er það úrkomumesta þar frá upphafi mælinga, 1928. Úrkomudagar voru fleiri en í meðalári um mestallt land. Mesta sólarhringsúrkomu ársins á mannaðri stöð mældist á Hánefsstöðum í Seyðisfirði þann 13. nóvember, 164,2 mm. Sólskinsstundir mældust færri en verið hefur undanfarin ár, bæði í Reykjavík og á Akureyri. Voru sólskinsstundirnar um 100 færri en að meðallagi 1961 til 1990 á báðum stöðum og rúmlega 200 færri en að meðaltali síðustu 10 árin.

Aðalfundur 2014 var haldinn 14. apríl í Árvökum, starfsmanna húsnæði Skógræktarfélags Árnesinga á Snæfoksstöðum. Ágætis mæting var á fundinn sem var auglýstur í Dagskránni og á heimasíðu félagsins. Á fundinum voru venjubundin aðalfundarstörf. Stjórn situr áfram óbreytt, þeir sem áttu að ganga úr stjórn buðu sig aftur fram og voru endurkjörnir. Fjárhagur félagsins er góður. Í lok fundar var Böðvar Guðmundsson með erindi þar sem að hann kynnti þörf á aukinni skurðagerð í Hellisskógi til að hleypa meira vatni af skóginum. Tóku fundarmenn heilshugar undir hugmyndir um að fjölga þurfi skurðum í Hellisskógi. Í fundarhléi var boðið upp á létt kvöldsnarl.

Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu.

Félagsskráin var yfirfarin og lagfærðar þær breytingar sem orðið hafa frá síðasta ári. Samkvæmt skránni eru um 140 skráðir í félagið. Ekki voru sendir út hefðbundnir greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2015. Borin voru út félagsskírteini sem einnig eru afsláttarkort á vegum Skf.Ísl. Meðfylgjandi voru einnig tveir miðar, einn miði sem hvatti félagsmenn til að greiða félagsgjaldið 1000 kr. beint inn á reikning félagsins. Hinn miðinn var frá Skf.Ísl. þar sem félagsmenn eru hvattir til að senda inn netföngin sín þannig að hægt sé að senda þeim fréttabréfið Laufblaðið rafrænt

Tvö vinnukvöld voru haldin í sumar, 26. og 28. maí, félagsmenn mættu við Hellinn og gróðursettu bakkaplöntur og báru áburð á plöntur. Vinnukvöldin voru auglýst á heimasíðu félagsins www.hellisskogur.is einnig höfðu stjórnarmenn samband við þá er hafa verið að mæta undanfarinn ár. Mæting á vinnukvöldin var ágæt. Bæði kvöldin var veður gott, milt og þurrt. Gróðursett var í ójarðunnið land milli síðasta hluta vegarins upp að Hellinum og affalsins úr nýju tjörninni vestan við Hellinn. Áburður var borinn jafn óðum á nýgróðursettar plöntur. Boðið var upp á veitingar í Hellinum við lok vinnukvöldanna.



Vinnukvöld í Hellisskógi 2014 Óli Hákon, Valdimar, Sævar, Gerður og Örn

Í ár voru það nokkrar tegundir af plöntum sem voru gróðursettar í Hellisskógi, allt voru þetta árgamlar bakkaplöntur í nokkrum stærðum af fjölpottabökkum. Plönturnar komu frá skógarplöntuframleiðendum í Hvammi í Hrunamannahrepp, Kvistum í Biskupstungum, Mörk í Reykjavík og Barra á Héraði. Hluti plantnanna fékk félagið úr úthlutun hjá Skógræktarfélagi Árnesinga. Sjá plöntur í töflu 1.

Tegund	kvæmi	Aldur	Bakkastærð	Framl.	Fjöldi
Stafafura	Luddi x Skagway	1/0	Fp40	Hvammur	120
Sitkagreni	Tumastaðir	1/0	Fp40	Kvistar	920
Birki	Embla	1/0	Fp40	Mörk	720
Gráödur	Spjotviken namsos	1/0	Fp35	Hvammur	70
Birki	Bolholt	1/0	Fp 67	Barri	201
Ömesbjörk	Bet,veric.dalikal	1/0	Fp35	Hvammur	70

Tafla 1 sýnir plöntur 2014

Samtals 2101

Þegar allt er talið var plantað um 2101 plöntum í Hellisskógi árið 2014.



Í byrjun júní á hverju ári koma nemendur úr 5. bekk Vallaskóla í Hellisskóg að planta bakkaplöntum sem að þau hafa fengið úthlutað úr Yrkjusjóðnum, þetta árið fengu þau 201 plöntur. Plöntunum er plantað á framræst mýrarstykki við vesturhluta girðingarinnar.



Fjölmargir hópar og einstaklingar leggja leið sína í Hellisskóg á hverju ári og er þá Hellirinn vinsæll áningarstaður þessara hópa. Umgegni um Hellin er að öllu jöfnu mjög góð, en í byrjun júní var annað upp á teningnum þegar að nokkrum tugum af nýjum símaskráum hafði verið dreift um Hellin og kveikt í hluta af þeim. Gerðist þetta í tvígang og var atburðurinn tilkynntur til lögreglu.

Í júní fór aftur að bera á óværu í birkiþöðum, sem lýsti sér þannig að blöðin urðu brún að hluta. Þetta var svipað og á síðasta ári. Ekki eru varanlegar skemmdir sjáanlegar.



Álagið á suma göngustígana er alltaf að aukast og viðhald á þeim orðið reglulegt. Í sumar voru tveir ungir menn sem störfuðu fyrir skógræktarfélagið í Hellisskógi. Sveitarfélagið Árborg útvegaðu félaginu þessa starfskrafta. Voru þeir við störf í tvo mánuði (10. júní – ágúst) sumarið 2014. Í lok júní bættist við þriðji strákurinn frá sveitarfélaginu. Helstu verkefni þeirra voru við viðhald og nýframkvæmdir. Bekkir og borð voru lagfærð. Erfitt reyndist að bera á tréverk þetta sumarið vegna úrkomu, en það hafðist þegar liðið var á ágústmánuð. Hellirinn var lagfærður og næsta umhverfi hans snyrt. Einnig var unnið að almennri skógarumhirðu og að öðrum betrubótum á ræsum og göngubrúum. Nokkur svæði voru slegin með sláttuorfi um sumarið, eins og Hellisbrúin sem var slegin í tvígang, eins meðfram göngustígum og í trjásafninu og við minnismarkið.

Byrjað var á nýjum göngustíg um sumarið. Hefst stígurinn á bílastæðinu við vaðið að Laugarbökkum og fer upp vestan við lækinn með Neðragili upp með Hellisgili og sveigir í SV og endar svo inn á göngustíg við Tjarnarhól. Stígurinn er ca 120 cm breiður og fer yfir fjöldann allan af yfirborðs plægingum sem vatn rennur eftir. Sett voru plaströr í marga af plægingarskurðunum. Fyrst var stígurinn merktur út með tréhælum. Leiðin slegin með sláttuorfi og kjarrsög þar sem kjarr var að vaxa í fyrirhugaðri leið. Einnig þurfti að grisjað á smá kafla í asparreit sem stígurinn liggur í gegnum. Keyptur var þunnur jarðvegsdúkur TS 20, 4 m breiður sem er 125 g/m² í Kemi.

Dúkrúllan var söguð í þrennt og lögð út til að hindra vöxt gróðurs og sérstaklega mjaðurtar sem er víða við stíginn. Malarblanda úr Ingólfsfjalli var keyrð ofan á dúkinn sem og í aðra stíga á svæðinu. Samtals voru fengnir 5 hlöss þetta árið með Skúla Helga. Vélhjólborurnar koma sér vel þar sem að langt er að fara með efnið og mest öll leiðin upp í móti. Umsjónarmaður með verkunum og verkstjóri var Ólafur Hákon Guðmundsson.

Grisjað var á nokkrum stöðum í þéttum trjáþyrpingum, m.a. birki og lerki í trjásafninu. Einnig var birki grisjað á nokkrum stöðum þar sem það var að byrja að skemma grenitré.



Í árs byrjun 2015 tók tók Rarik raflínuna úr einni línunni sem liggur í gegnum svæðið, eftir er að fjarlægja átta staura þar sem erfitt er að komast að þeim án þess að slemma tré. Áætlað er að grisja í nágrenni við staurastæðurnar til að auðvelda aðgengi að þeim.

Eitthvað hefur sést til kanína á árinu í og við trjásafnið.

Framkvæmda- og veitusvið sveitarfélagsins var okkur innan handa með ýmis verk á árinu, eins og að hefла veginn upp að Helli, bæði vorið 2014 og nú í apríl. Einnig með að koma með traktorsgröfu til að færa til mulning sem notaður var í göngustíga. Einnig fengum við aðstoð með traktorsgröfu við

gerðar skurðrispur með aðalveginum þar sem vatn lág fyrir innan veg og var að skemma veginn í leysingum og rigningartíð. Flatirnar nærri mismærkinu voru slegnar með sláttutraktorum frá sveitarfélaginu.

Sótt var um styrk til sveitarfélagsins Árborgar fyrir starsárið 2015, einnig var sótt um auka fjárveitingu til skurðgraftar í Hellisskógi á árinu.

Á starsárinu voru keypt nokkur þrek- og leiktæki frá fyrirtækinu Krumma-Náttúra í Grafarvogi eftir að hafa fengið tilboð í þau. Tækin kosta tæpa milljón og eru hugsuð fyrir gönguhópa, skokkhópa og almenning sem á leið um skóginn og vill auka hreyfingu sína. Keypt voru fjögur tæki. Þreföld slá til upphíingar. Tvíslá 110cm. Hnallar til að standa á, fimm stk. Og loks staurar til að búa til svigahlaupsbraut. Farið var í vettvangsferð og áætlað hvar staðsetja á hvert tæki. Áætlað er að setja tækin upp sumarið 2015.

Haustið 2014 kom félagið sér upp geymsluaðstöðu í 20 feta gámi á Snæfoksstöðum. Einnig voru keypt fjögur gróðursetningarrör, svo kallaðar geispur í tveimur stærðum.

Á komandi árum verða helstu verkefni félagsins eins og undanfarin ár gróðursetning og áburðargjöf, vega- og stígagerð, uppbygging á aðstöðu og umhirða skógarins þau verkefni sem verða hvað mest aðkallandi til að bæta aðgengi og ásýnd Hellisskógar.

Núverandi stjórn þakkar félagsmönnum, Sveitarfélaginu Árborg, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi, samstarfið á liðnu ári og vonar að komandi starfsár verði félaginu heilladrjúgt í uppbyggingu og ræktarstarfinu.

Einnig vil ég þakka félögum mínum í stjórn fyrir farsælt samstarf á árinu og Ólafi Hákon fyrir hans framlag fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,
Björgvin Örn Eggertsson¹, formaður.

Aðrir í stjórn félagsins eru: Snorri Sigurfinnsson² ritari, Örn Óskarsson² gjaldkeri, Hermann Ólafsson¹ og Ólafur H. Guðmundsson² varamenn.

¹ Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn.² Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.

Ljósmyndir í skýrslu; Björgvin Örn Eggertsson.